

## Aðalfundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

14.september 2021

Mættir: Bára Tómasdóttir, Andrea Ýr Arnarsdóttir, María Ragnarsdóttir, Ingibjörg Sigmundsdóttir og Ásta Jóna Ásmundsdóttir.

Fundurinn var í fjarfundi og voru 14 fundargestir.

Fundur settur kl. 20:00.

Farið yfir skýrslu formanns. Hvað var gert á sl. ári.

Farið yfir ársreikninga og þeir samþykktir.

Búið að manna nýja stjórn og varastjórn en fundargestum boðið að bjóða sig fram ef áhugi væri fyrir hendi.

Aðalstjórn: Ásdís Björg Björgvinsdóttir, Inga Lóa Karvelsdóttir, Sigurður Arnar Sölvason, Sunna Rós Svansdóttir, Unnur Tedda Þorgrímsdóttir og Agnieszka Aurelia Korpak.

Varastjórn: Guðlaug Ásmundsdóttir, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Elín Ósk Gunnarsdóttir og Sara Ósk Bjarnadóttir.

Ný stjórn samþykkt af fundargestum.

Önnur mál: Foreldrar hvattir til að gefa kost á sér í skólaráð. Umræða um þetta og gefa þrír foreldrar kost á sér: Bára Tómasdóttir, Ásdís Björg Björgvinsdóttir og Helgi Pétur Ottesen.

Fundi með foreldrum slitið kl. 20:22.

Tekin fyrir starfsáætlun Heiðarskóla. Ánægja með hana af hálfu foreldrafélags.

Ársskýrsla leik og grunnskóla var send á foreldrafélagið til kynningar og hefur foreldrafélagið engar athugasemdir við hana.

Sitjandi stjórn mun ekki sitja áfram og var ákvörðun tekin um að skrifa bréf til stjórnsýslu Hvalfjarðarsveitar um nokkur mál sem foreldrar hafa rætt við foreldrafélagið. Í bréfinu koma fram spurningar um nokkur mál, þ.á.m.: af hverju frístund sé ekki á föstudögum og „öðruvísi“ dögum. Hvatt til að vera með frístund/námskeið á sumrin. Að skólarútan stoppi á Vesturgötu í heimkeyrslu. Hvatt til hækkunar á heimgreiðslum eftir fæðingarorlof og val um að vera heima með barni upp að tveggja ára aldri (óháð lausum plássum á leikskóla). Ærslabelgur fyrir börnin og hoppukastali.

Fundi slitið kl. 21:40.

Fundargerð ritaði Ásta Jóna Ásmundsdóttir